

Nr. 37/1911

Réttvísing

gegn

Óla Magnúsi Arngrímssyni.

Dómur:

Með dómi aukaréttar Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu, uppkveðnum 28. marz f. á., var ákærði, Óli Magnús Arngrímsson bóndi á Öndverðarnesi, dæmdur samkv. 209. gr. almennra hegningarlaga, samanborinni við 206. gr. sömu laga, til þess að sæta 20 daga fangelsi við venjulegt fanga-viðurværi og til að greiða matsveini á vélarbátnum »Aldan« frá Seyðisfirði, Axel Andersen, 843 kr. skaðabætur fyrir áverka; svo og til þess að greiða allan af málinu leiðandi kostnað. Dómi þessum hefir, samkvæmt ósk hins ákærða, verið skotið til landsyfir-dómsins.

Það er sannað í máli þessu með eigin játningu ákærða sjálf og öðrum skýrslum, að hann, hinn 31. maí 1910, skaut á nefndan vélarbát tveim skotum og særði einn skipverja, og eru hin nánari atvik að þessum atburði þannig vaxin:

Þriðjudaginn hinn 31. maí 1910 lá vélarbáturinn »Aldan« frá Seyðisfirði fram undan bænum Öndverðarnesi á Snæfellsnesi, og var báturinn á fiskiveiðum. Skipverjar voru 7 að tölu, allir Norðmenn, nema einn Íslendingur; fór skipstjórinn ásamt 3 hásetum í land, gengu þar í fuglabjarg og tóku þar, eftir þeirra eigin sögusögn, um 20 egg. Kona hins ákærða varð vör við mannaforina, og lét mann sinn, sem var við fiskverkun, vita að menn voru komnir í fuglabjargið, en það liggur í nánd við bæ ákærða, Öndverðarnes. Ákærði gekk þá

út á bjargið og hitti skipverja og atyrkti þá fyrir eggjaránið, en þeir brugðust illa við, sögðu honum að »halda kjaftri«, og kváðust mundu fara um alt bjargið, en ákærði kvaðst þá skyldi sýna þeim, hvort þeir mættu fara í bjargið. Hann fór því næst heim og sótti kúlubyssu, hlóð hana og gekk að því búnu aftur niður á bjargið. Hann sá þá engan mann á bjarginu, en vélarbátur skipverja lá þá um 40—50 faðma frá landi, og skaut hann nú tveim skotum á bátinn. Þá er ákærði fór heim að sækja kúlubyssu sína héldu skipverjar inn með bjarginu, en þegar þeir heyrðu skotin, gengu þeir upp á bjargið, og sáu þá ákærða, ásamt konu hans og syni þeirra. Þeir feðgar höfðu þá báðir skotvopn í höndum, en eftir kröfu Norðmannanna sýndu þeir byssurnar og létu af hendi skot þau, sem þeir höfðu meðferðis. Ákærði hefir haldið því fram, að Norðmennirnir hafi lagt hendur á þá feðga, en sannanir eru ekki fengnar fyrir því. Konan, þeir feðgar og skipverjar urðu nú öll samferða, þar til þau komu á móts við skipið; þá var kallað til þeirra frá bátinum að þar væri einn maður særður af skoti. Skildi þar með þeim, og héldu skipverjar um borð.

Þá er ákærði skaut á bátinn voru þar 3 menn, þar á meðal matsveinninn, Axel Andersen frá Aalesund; svaf hann í rúmi sínu frammi í vélarbátinum, og varð hann fyrir báðum skotunum, og hefir hann skýrt svo frá, að hann hafi vaknað við sársauka í lærinu, sem hann hélt að væri krampi; en litlu á eftir heyrði hann skothljóð og fann til mikils sársauka í vinstri handlegg, og kom það í ljós við nánari athugun, að hann hafði orðið fyrir tveim skotum. Önnur kúlan fór í gegnum lærið á Andersen og fanst í buxum hans; hefir kúlan verið sýnd ákærða, og

kannaðist hann við, að hún væri mátuleg fyrir byssu sína, enda getur enginn vafi verið á því, að ákærði hefir skotið báðum kúlunum, sem særðu Andersen.

Mótorbáturinn fór til Reykjavíkur með hinn særða mann, og var hann lagður þar á spítala og hefir verið lögð fram í málinu skýrsla héraðslæknisins í Reykjavík um áverkann, dagsett 12. ágúst 1910. En samkvæmt heani fór önnur kúlan í gegnum hægra lærið á Andersen, en það sár greri fljótlega og hefir ekki sakað fótinn hið minsta. Þá var á vinstri upphandlegg gat eftir stóra kúlu og handleggurinn mölbrotinn. Á rúmum tveimur mánuðum greri þó sárið að mestu leyti, og í vottorði sínu lýsir héraðslæknirinn, sem hafði manninn til lækningar, ástandi hans að öðru leyti svo, að beinið sé vaxið saman, máttur haldist í handleggnum, en axlarliðurinn sé mjög hreifingarlitill, aflið miklu minna og handleggurinn titri við áreynslu. Telur héraðslæknirinn manninn úr allri hættu og lítinn eða engan vafa á því, að hann geti unnið fyrir sér, en tæplega við því að búast, að hann nokkru sinni nái sér til fulls, en til þess að fá fulla vissu um það, að hve miklu leyti handleggurinn nái afli og hreyfingu, þurfi nokkra mánuði enn. Með því að vottorð þetta þótti ekki fullnægjandi til að byggja á því dóm í málinu, ákvað landsyfirdómurinn með úrskurði uppkveðnum 16. okt. f. á., að fengnar væru nýjar skýrslur um það, hvort sárið á handlegg Axels Andersen væri gróið, að hve miklu leyti handleggurinn hefði náð afli og hreyfingu og hvort hann yrði álitinn notfær að meira eða minna leyti eða ónýtur með öllu til áreynslu. Samkvæmt úrskurði þessum hafa verið útvegaðar nýjar skýrslur frá Noregi, en þangað hafði hinn særði maður verið sendur, er hann

fór úr sjúkrahúsinu hér í bænum. Bera þessar skýrslur með sér, að Axel Andersen hefir vegna skotsársins á handleggnum legið á spítala í Noregi frá 5. sept. til 5. apríl 1911; hefir heilbrigðisástand hans síðast verið rannsakað hinn 5. jan. þ. á.; hefir læknir sá, er þá rannsókn framdi, gefið þá skýrslu, að sárin væru nú gróin, en handleggurinn hefði ekki náð eðlilegri hreyfingu og aflið í handleggnum væri að miklum mun minna; yfir höfuð er það álit læknisins, að Andersen muni aldrei ná sér til fulls og vinnuþol handleggsins hafi minkað um helming. Hinn særði maður hefir nú krafist þess, að hinn kærði verði dæmdur til þess að greiða honum kostnað við spítalalegu, læknishjálp og ferð hans til Noregs og auk þess skaðabætur að upphæð 4,500 kr.

Að því er verknað ákærða snertir, þá hefir hann stöðugt haldið því fram, að hann hafi haft þann eina tilgang með skotunum, að fæla mennina frá bjarginu og þannig verja eign sína, en hann hafi ekki ætlað sér að skemma eða særa nokkurn mann, þótt svona slysalega vildi til. Kannast hann að vísu við það, að sér hafi verið kunnugt um það, að í bát af þessari stærð, sem hér ræðir um, sofi menn framan til í skipinu, en hann heldur því fram, að hann hafi ætlað sér að láta kúluna koma frammar í bátinn, nær stefninu, og auk þess hafi hann ekki búist við, að nokkrir menn væru þá staddir frammi í bátnum. Þessa skýrslu hins ákærða verður að telja rétta, og er henni ekki hnekt með framburði þeirra tveggja háseta, er á bátnum voru staddir auk Andersens. Þeir hafa að vísu borið, að þeir hafi verið staddir uppi á þilfari, er þeir sáu mann með byssu koma fram á klettana, og hafi þeim sýnst hann miða á þá; forðaði annar sér niður í véla-

rúmið, aftan til í bátnum, en hinn, er var staddur fram-
ar á þilfarinu, fór ofan í hásetarúmið, en gagnvart þessu
hefir ákærði stöðugt haldið því fram, að hann að eins
hafi séð einn mann á þilfarinu, og hafi hann verið farinn
niður undir þiljur aftanvert á bátnum, er hann hleypti af
byssunni. Hinsvegar verður að álíta, að menn þessir hafi
ekki með neinni vissu getað séð, hvar á skipið ákærði
miðaði.

Áverkar þeir, er hlutust af skotum ákærða, verða
þannig eigi taldir hafa orðið af ásetningi, og það verður
heldur eigi sagt um þá, að ákærði hafi hlotið að sjá þá
fyrir sem líklega eða ekki ósennilega afleiðingu af verkn-
aði hans; má í því tilliti meðal annars minna á skýrslu
ákærða, sem verður að taka trúanlega, um það, að hann
hafi miðað byssunni framan á skipið, nær stefninu en há-
setarúmið var, og að hann vissi ekki af neinum manni
frammi í skipinu. En þó að álitid yrði, að ákærði hefði
að öðru leyti sýnt af sér óvarkárni eða gáleysi með skot-
um sínum, þá yrði honum ekki hegnt fyrir slíkt gáleysi,
þar sem fyrgreindar upplýsingar um áverkana, bæði í vott-
orði héraðslæknisins og skýrslum frá Noregi eigi sýna, að
líkamsskemdir þær, er hlutust af skotunum, hafi reynzt
svo verulegar, að þær verði heilmildar undir 206. gr.
hegningarlagna, og þegar svo er ástatt, er ekki heimild
til að refsa fyrir gáleysisverk, sbr. 209. gr. hegningar-
laganna.

Það ber samkvæmt þessu að dæma ákærða sýknan af
broti því gegn 18. kap. hegningarlagna, er hann hefir
verið ákærður fyrir, en þar af leiðir, að eigi verða teknar
til álíta í þessu máli kröfur þær um kostnaðarend-
urgjald og aðrar skaðabætur út af áverkunum, er gjörðar

hafa verið í málinu, en hlutaðeiganda, matsvein Axel Andersen, geymist réttur til að sækja ákærða um þær í öðru máli.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að greiða allan sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, af almannafé, þar með málaflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 15 krónur til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og mál-færslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Óli Magnús Arngrímsson á að vera sýkn af ákæru rettvísinnar í máli þessu. Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóm-inum, yfiréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claes-sens og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafé.

Nr. 3/1912:

Guðjón Knútsson
 gegn
 stjórnendum Slippfélagsins,
 Tryggva Gunnarssyni,
 Asgeiri Sigurðssyni og
 Jes Zimsen.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði fyrir bæjarþingi Reykjavíkur áfrýj-